



Ásahreppur
Rebekka Rut Ingvarsdóttir
Laugaland
851 Hella

Garðabær, 8.4.2025

Málsnúmer: 202502-0066

IAS

Efni: Greinargerð aðalskipulagsbreytingar, Holtamannafréttur, Búðarháls, skilgreining efnistökusvæðis.

Vísað er til erindis frá Ásahreppi, dagsett 27. febrúar 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna stækkunar efnistökusvæðis.

Fyrirhugað er að stækka efnistökusvæðið E8 úr 1 ha í 2,83 ha og verður heimilað að taka allt að 49.000 m³ í stað 10.000 m³.

Fram kemur í greinagerðinni að áhrif á gróður, vernd og minjar verða óveruleg eða neikvæð og að settir eru skilmálar um að forðast skuli að raska grónu landi og að vanda skuli umgengni á vinnslutíma og við fráganga að efnistöku lokinni.

Náttúrufræðistofnun veitti umsagnir um bæði [skipulagslýsingu](#) og [vinnslutillögu](#) vegna sama máls og vísar hér í þær umsagnir.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur